




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VID ADRAR STJÖRNUR 31. TBL. 7. ÁRG. MARS 1981



Til þess að geta gert kraftaverk, verða menn að hafa traust annarra.

Helgi Pjeturss

Hringpokan Skapely I.

(Sjá forsíðumynd)

Er við lítum til himins á heiðríkum vetrarkvöldum, þá fyllumst við undrun af að sjá hinn mikla stjörnskara, er við blasir til allra átta, og undarlegar kenndir bærast í brjóstum okkar, því auðveldara er að komast í nán sambönd við máttarvöld alheimsins, er við stöndum undir stjörnuskrýddum himni.

En til eru staðir í ríki himnanna þar sem ógnvænlegir atburðir hafa orðið í einhverri fortíð.

Víða í vetrarbraut okkar má sjá hringmyndaðar efnisþokur, og í miðju þeirra stjörnu, sem varpar ljóma á þær innan frá. Þessar þokur eru allar mjög þunnar, og þenjast út frá miðjustjörnunni í allar áttir með miklum hraða, sem nemur 20 til 50 km á sekúndu.

Um 1000 hringþokur eru þekktar innan vetrarbrautarinnar, en álitíð er, að þær séu margfalt fleiri, jafnvel svo að nemi tugum þúsunda.

Talið er að þessar hringmyndaðu þokur eigi upphaf sitt að rekja til þess, að sprenging hafi orðið í viðkomandi sólstjörnum, þannig, að þær hafi varpað af sér ysta hjúpnum, ystu efnislögunum, sem síðan þeytast með ofsahraða í allar áttir út í geiminn.

Nærrí má geta, að hafi eitthvert líf þróast á einhverjum reiki-stjörnum þessara sólna, þegar slík sprenging varð, þá hefur það slokknað út með öllu.

Stjörnulíffræðin gerir ráð fyrir samspili milli efnis og lífs, og að stefna lífsins á jarðstjörnunum geti haft úrslitaáhrif á framvindu þess efnis, sem lífið býr við á hverjum stað, þar með talið framvindu þeirrar sólar, sem lýsir mannkyni í viðkomandi sólhverfi.

EKKI væri því fjarri lagi að gera ráð fyrir algjörrí rangstefnu lífs innan sólhverfis, þar sem svo illa tekst til, að sólsprenging verði.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er fengin úr bókinni „Encyclopedia of Astronomy and Space“, 1979.

Erindi og greinar

HVERS EÐLIS ER LÍFSORKAN?

Menn hafa lengi leitað skýringa á fjarhrifum og skyldum fyrirbærum, en ótrúlega lengi hefur vafizt fyrir flestum sú augljósa staðreynd, að til þess að fjarhrif geti átt sér stað, þurfa einhverjir orkuflutningar að fara fram. En þá vaknar spurning. Hvers eðlis eru þessir orkuflutningar? Ég ætla hér á eftir að koma með smá hugleiðingar um það efni, en fyrst ætla ég að fjalla lítilsháttar um orku og orkuflutninga almennt.

Hver tegund orku verður einungis þekkt af verkunum sínum. Aðdráttaraflíð veldur því að hlutir detta til jarðar og reyndar verkar það á milli alls efnis í alheimi. Um þetta afl er ekkert vitað, nema hve mikill kraftur verkar milli tveggja massa í hlutfalli við efnismagn og fjarlægðina milli þeirra. Ekkert er vitað um hvernig massarnir vita hver af öðrum ef svo mætti að orði komast.

Annað grundvallarafl í alheimi er rafsegulkraftar. Rafsegulkraftar eru nánast óendanlega mikilvægari en aðdráttaraflíð á atóm- eða frumeindastiginu. Það er einungis þegar um er að ræða, að geysilegt efnismagn er saman komið að aðdráttaraflíð verður mikilvægt. Til þess að útskýra þetta betur má benda á að aðdráttarafl á tunglinu er aðeins $\frac{1}{6}$ hluti af þyngdaraflí hér á jörðinni. Þetta stafar af því að efnismagn tunglsins er miklu minna en jarðarinnar. Geimfari sem svífur í geimskipi umhverfis jörðina er hins vegar alveg þyngdalaus vegna þess hve efnismagn geimskipsins er hverfandi lítið.

Áhrif rafsegulkrafta eru orðin allvel kunn, enda þótt svipaðar spurningar vakni um innsta eðli þeirra og vakna um innsta eðli þyngdarkraftsins. Eins og allir vita eru kjarnar frumeindanna jákvætt hlaðnir, en umhverfis þá sveima neikvætt hlaðnar eindir, elektrónur eða rafeindir. Reyndar er talið að elektrónurnar séu bylgjueðlis og umlyki þessar bylgjur kjarna atómanna. Ég hef ekki

séð neina skýringu á því hvernig rafeindirnar fara að því að vita af jákvætt hlöðnum kjarnanum, ef svo mætti aftur að orði komast, samkvæmt því sem ástatt er um skilning á þyngdaraflinu.

Hvert frumefni hefur ákveðna skipan rafeinda umhverfis kjarna frumeinda sinna. Þessi rafeindaskipan ræður mestu um eiginleika frumefnis einkum með tilliti til þess á hvern hátt þau tengjast öðrum efnum í efnasamböndum. Svo að rafsegulkröftum séu gerð meiri skil er rétt að geta þess að útvarpsbylgjur, ljós, röntgengeislar og gammageislar eru rafsegulbylgjur og þessar tegundir geislunar eru sama eðlis, en hafa einungis misjafna bylgjulengd og eru misjafnlega orkumiklar. Rafsegulbylgjur eru til komnar vegna hreyfingar á rafhleðslum og er ljós t. d. komið til vegna tilfærslu rafeinda milli misorkuríkra hvela í frumeindinni. Orkuríkustu rafsegulbylgjurnar, röntgengeislar og gammageislar eru hins vegar tilkomnar í kjarna-hvörfum, þ. e. þegar kjarni atóms verður fyrir breytingu, t. d. klofnar í tvo minni kjarna.

Þá er komið að geysiöflugum kröftum, sem verka innan frum-eindakjarnanna og halda þeim saman. Þessir kraftar hafa yfirgnæfandi sterkari áhrif innan kjarnanna en rafsegulkraftar. Hins vegar hafa þeir ekki áhrif út fyrir kjarna frumeindanna. Af þessum kröftum eru taldar vera til tvær gerðir.

Í þessu yfirliti hef ég sagt lítilsháttar frá verkunum þeirra fjögurra grundvallarkrafta sem eðlisfræði nútímans viðurkennir. Ef við reynum hins vegar að átta okkur eitthvað á eðli líforkunnar, verðum við að fara svipað að og áður, og rannsaka verkanir hennar. Ég tel að hinar geysifjölbreyttu verkanir lífafslvæða gefi okkur mjög mikilsverðar upplýsingar, og bendi til að lífsorkan sé grundvallarafl í öllu efni. Í því sambandi er rétt að benda á að dauðir hlutir geta afefnast og efnast aftur á öðrum stað. Einnig geta hlutir hreyfst fyrir áhrif lífafslvæða (psychokinesis). Á seinni árum hafa þar að auki farið fram miklar rannsóknir á fólki, sem getur beygt skeiðar og fleiri hluti með hugarorku einni saman.

Við verðum líka að gá að því, að ætla má að hinn skapandi kraftur hafi verið byrjaður að hafa áhrif á þróun efnisins í átt til lífs löngu áður en líf kviknaði hér á jörð. Vísindamenn telja að efnið muni hafa átt langa þróun að baki þegar líf kviknaði. Sífellt hafi verið að myndast flóknari efnasambönd í frumhöfunum. Að þessu öllu athuguðu held ég að varla sé hægt að reikna með að móttöku-hæfileiki efnis, fyrir þessa orku, sé bundinn við hinar geysiflóknu og háþrúðu lífrænu sameindir. Hins vegar leikur lítill vafi á, að

eftir því sem lífræn efnasambönd ná meiri fullkomnun, verði þau móttækilegri fyrir þessa orku.

Mér þykir líklegt að orkumyndir og orkuflutningar þeir sem við kennum við líforku verði innan frumeindanna og gegni mikilvægu hlutverki í uppbyggingu alls efnis. Nú er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort hér sé um að ræða verkanir einhverra þeirra fjögurra grundvallarkrafta sem ég hef lýst hér á undan. Rafsegulbylgjur eru einu þekktu orkuflutningarnir, sem rekja má til þessara krafta og ætla mætti að gætu skýrt fjarhrif. Fjölmargar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á fjarhrifum, benda til þess að fjarlægðir skipti ekki máli. Telja verður því mjög ólíklegt að rafsegulbylgjur berist á milli manna og valdi fjarhrifum, þar sem þær dvína í hlutfalli við fjarlægðina.

Russel Targ og Harold Puthoff við Stanford Research Institute í Kaliforníu gerðu árangursríkar tilraunir með Uri Geller, sem voru framkvæmdar á þann hátt að Geller var lokaður inni í herbergi, sem var varið gagnvart rafsegulbylgjum. Að vísu gátu rafsegulbylgjur með mjög lága tíðni og bylgjur með mjög háa tíðni komist í gegnum vegg herbergisins, en ólíklegt er talið, að lágtíðniþylgjur geti valdið fjarhrifum, vegna þess að þær eru of orkulitlar. Hins vegar geta há-tíðnirafsegulbylgjur, sem smjúga vegg klefans, alls ekki komið til greina, því að þar er um röntgen- og gammageisla að ræða, sem eru beinlínis hættulegir lífi.

Að þessu öllu athuguðu verður að telja að rafsegulbylgjur valdi ekki fjarhrifum, enda eru þær alls ekki nógu orkumiklar til þess að geta valdið samböndum milli hnatta. Til þess að samband geti átt sér stað við aðra hnetti hlýtur að vera um að ræða orkuflutninga, sem berast á milli tveggja lífvera, án þess að dreifast í allar áttir eins og rafsegulbylgjur gera.

Tilgáta Þorsteins Þorsteinssonar um samhæfða hreyfingu og orkuflutninga er mjög athyglisverð. Þeim sem hafa hug á að kynna sér tilgátu hans, vil ég benda á að lesa bók hans og Elsu G. Vilmundardóttur, Þætti um heimsfræði Helga Pjeturss. Ég ætla samt sem áður að taka tilgátu hans til lítills háttar umfjöllunar.

Rafeindir eru taldar hreyfast ósamfelldri hreyfingu utan um kjarna frumeindanna, þannig að þær eru taldar geta horfið á einum stað og myndast samstundis annars staðar. Einnig hafa sumar eindir ónóga orku til að geta sloppið út úr kjarna frumeindanna, en gera það samt. Þetta fyrirbæri er erfitt að skýra, nema með því að eindirnar afefnist innan kjarnans og myndist síðan aftur utan hans. Á frumeindastiginu er sem sagt gert ráð fyrir að afefnun og efnun

eigi sér stað. Þorsteinn setti hins vegar fram þá tilgátu að slík fyrirbæri geti átt sér stað í mun stærri stíl og á samhæfðan hátt. Væri þá um það að ræða að sama afefnunarforbærnið gerðist í geysilegum fjölda frumeinda samtímis, og þar sem efni getur breyst í orku og öfugt, gilda sömu lögmál um orkuflutninga.

Nú vaknar sú spurning hver sérstaða lífvera er gagnvart samhæfðum hreyfingum orku og efnis. Langmestur hluti allrar lífsstarfsemi er tilkominn vegna verkunar próteins. Próteinsameindirnar geta verið hlaðnar mismikilli orku og geta því tekið við orku eða gefið hana frá sér. Að þessu athuguðu verður að telja líklegt að próteinsameindirnar gegni veigamestu hlutverki í orkuflutningum milli lífvera.

Litningarnir eða kjarnasýrurnar eru hins vegar annar flokkur risasameinda í frumum lífandi vera. Breytingar á litningum og þar af leiðandi erfðum lífvera eru ákaflega hægar, en þó er vitað að orkumikil geislun getur valdið breytingum á litningum. Slíkar breytingar eru þó nær alltaf tegundunum til tjóns. Ég tel að ef orkuflutningar eigi sér stað með samhæfðri hreyfingu, ættu slíkir orkuflutningar óhjákvæmilega að geta haft áhrif til stökkbreytinga á litningum. Litningarnir ættu þá að taka stökkbreytingu í átt til fyrirmyndarinnar, sem orkuskammturinn er ættaður frá. Telja má því, að slíkar stökkbreytingar leiði til framþróunar og þroska miklu heldur en hinar tilviljunarkenndu breytingar, sem verða af völdum röntgen- eða gammageislunar.

Eftir því, sem best verður séð skýrir tilgáta Þorsteins mjög vel fyrirbæri þau sem við erum að reyna að skilja. En hvað sem framtíðin kann að leiða í ljós um réttmæti þessarar tilgátu, er eitt víst að aukinn skilningur á eðli þeirra afla, sem hér um ræðir, mun valda byltingu í eðlisfræði og raunar í öllum vísindum.

Páll Steinarsson.

HEFUR HUGSUNARFLUTNINGUR ÁHRIF Á LÍFIÐ?

Oft verður maðurinn var við þann hugsunarhátt að guðsvegir séu órannsakanlegir. Sérstaklega þegar dauðinn kemur óvænt. Þá er engu líkara en sjálfsagt þyki að bendla guðlegan mátt við slík áföll, jafnvel þó að um óhugnanlegan atburð sé að ræða. Að sjálf-sögðu með vilja þess guðlega, til að viðkomandi fari til framhalds-lífsins áður en til líkamshrörunar kemur.

Er það rétt skoðun, að telja guð þannig hugsandi, að heppilegt sé á stundum, að þau skilyrði skapist, sem valda því, að sumt ágætis fólk hætti að trúá á það guðlega? En það hefur komið fyrir oftár en einu sinni, þegar fólk missir ástvini sína. Slíkt ástand skapar oftast óheillavænlega atburðarás sem dregur dilk á eftir sér.

Er ekki hugsanlegt að atburðarás alls lífs byggist á orsökum og afleiðingum og að tvö öfl berjist um heimsyfirráðin, lífstefnan og helstefnan? Ef svo er, þá er það okkar að velja og hafna. Oft á tíðum veljum við ranglega vegna þekkingarleysis en einnig veljum við ranga stefnu vísvitandi. Þá er ekki von á góðu.

Margt bendir til að ill hugsun sé yfirgnæfandi hér á jörðunni. Það þýðir að illu öflin eru sterkari, þá eiga guðlegir geislar miklu erfiðara með að ná til okkar.

Ég tel að með athugun megi sjá, að ill hugsun dregur úr þeim möguleika að því guðlega takist að ná sambandi við lífið hér á jörðu. Það er vitað að hugsunartengsl eru á milli manna. Þó er það ekki viðurkennt af vísindamönnum, að það sé eins almennt og raun ber vitni. Það má vel álíta að öll hugsun verki beint eða óbeint á náungann að meira eða minna leyti, fjarlægðin skiptir þar engu máli. Hver maður tekur á móti og gefur frá sér geislun, sem er í samræmi við eðli mannsins.

Hver staður og hvert land hefur að öllum líkindum sitt lífgeisla-hvolf, sem síðan sameinast hvert öðru að nokkru leyti og myndar heildarhvolf. Eftir því ætti hvert ódæði og öll góðverk sem framin eru að hafa einnig áhrif á annan heimshluta. Þetta virðist fjarstæðu-kennt, en er ekki margt sem bendir til þess að svo sé?

Slys og önnur óhöpp má þá einnig rekja til þessarar illu samstill-

ingar, sem því miður hefur einnig oft áhrif á saklaust fólk. Það segir okkur að rangur og illur hugsunarháttur samstilli okkur til illra staða, þar sem reynt er með öllum ráðum að gera öðrum allt til miska.

Gerum okkur grein fyrir að bölvaldurinn er í okkur, því við eigum að velja og hafna sjálf. Það er skynsemin sem vantar til að sjá að baktjaldamakk, nautnalíf og hverskonar glæpaverk borga sig ekki. Þegar slíkt er haft í hávegum þá stillumst við til sambands við vonda staði og gefum þeim illu meiri styrk.

Reynum heldur að skilja það, að guð táknað það góða og vill aðeins reynast öllum vel. Hann vill að við lifum sem lengst, þroskum vitsmuni okkar, látum gott af okkur leiða, förum í lífstefnuátt. Lærum það að ill hugsun skapar helstefnu en góð hugsun lífstefnu. Þá fyrst mun það guðlega geta náð góðu sambandi við okkur og maðurinn mun þá fyllilega geta notið sín.

Munum það að guðskraftur er máttugur ef maðurinn vill hjálp hans í raun.

*Þorbjörn Ásgeirsson,
Oddeyrargötu 10, Akureyri.*

HÍÐ GULLNA LETUR TILVERUNNAR

Vér getum skoðað dásemdir sköpunarverksins í hvert sinn er vér göngum úti í gróanda vorsins eða undir heiðum himni vetrarkvöldsins. Hvert blað trésins vitnar um óendanlegan sköpunarmátt hinnar æðstu veru. Á hverju blaði er gullnu letri skráð sagan um alheimsmáttinn óendanlega. Hver ein stjarna himins sendir oss geislastafi sem úr má lesa sögu hennar um milljarð ára.

Hvert sem litið er um himin, haf og jörð, inn í smæstu eindir efnisins eða út um endanlausan geiminn, má líta óendanleg furðuverk sköpunar og þróunar, sem öll má rekja til óþrotlegar uppþrettu hins æðsta máttar. Vér þurfum að læra að lesa hin gullnu leturtákn heimssmíðarinnar og þannig kynnast þeim mætti, sem býr að baki allra hluta og allrar verðandi.

Ekkert er eins þroskandi og að lesa á bók náttúrunnar og læra að skilja æ fleiri leturtákn alls sem er. Öll vitna þau um máttuga og haga hönd hinnar æðstu veru.

*Ingvar Agnarsson
(Mbl. 28/12 1979).*

HÖRFUN EÐA HIKLEYSI

Þar sem ýmsir þeir munu vera lærðir og mikilsvirtir menn, sem horfið hafa frá kenningum Nýals, eftir að hafa þó hrifist af þeim um stund, þá væri ekki nema eðlilegt, að þeir sem enn eru Nýalsunnendur, spyrji sjálfa sig, hvort fráhrarf þessara mikilsvirtu manna hafi ekki stafað af aukinni vitkun þeirra. En gæti þeir þá nógu vel að, þá munu þeir bráðlega sjá fram á, að svo hafi ekki verið. Það hefir áreiðanlega ekki verið fyrir aukna vitkun, að horfið var frá þeirri hugsun, að líf þessarar jarðar sé þáttur í óprotlegu alheimslífi, því að slíkt er framar öllu lausn lífsgátunnar. Undirstaða þess, sem kenningin um heimssamband lífsins byggist á, er líka alveg óvæfengjanleg, og geta þeir bezt borið um það, sem um tugi ára hafa athugað drauma sína og annað þeim skylt. Kenning Helga Pjeturss um eðli svefns og drauma er annað og meira en það að vera einungis tilgáta, því að hún er uppgötvun eða lausn. Hörfunin frá Nýal er vegna þessa svo fjarri því að vera í sannleika skynsamleg, að hún er einungis afleiðing þess, að hætt hafi verið að beita skynsemi og greind á þann hátt, sem menn gera helzt, meðan æskan brennur þeim í brjósti og þeir eru óháðastir valdi heimskunnar og ósjálfstæðisins. Það þarf enginn að halda, að hörfun frá aðalatriðum Nýals sé nokkru sinni annað en eftirgjöf og hræðsla við að standa einn eða í hópi fáeinna lítilsmetinna samherja, og þarf reyndar engum að lá, þó að hann kveinki sér við slíku. Sannleikurinn er, að aðstaða Nýalsunnandans er svo erfið, að furðulegt má heita, að nokkur þeirra skuli vera uppistandandi. Fyrir það að vera Nýalsunnandi og styðja málstað hans, hlýtur hver að verða vanmagnaðari en aðrir vegna sambandsörðugleika við uppsprettu lífs og fagnaðar, og stafaði það vitanlega af engu öðru en þessu, að hinn kunni miðill, Hafsteinn Björnsson, kvað síður hafa viljað Nýalssinna á fundum hjá sér en nokkra aðra. Auðvitað hefir það verið hið ríkjandi vanmat á þeim og skoðunum þeirra, sem hann hefir fundið koma sér í koll, ef hann hefði þá nærri sér, og viljað forðast þá sambandsörðugleika, sem af því stöfuðu. En hvað mætti þá helzt verða til þess að létta af þessum álögum? Aukið hikleysi og aukin djörfung mundi það helzt verða,

Því að enginn skyldi ætla, að nokkur sigurleið sé hér önnur en sú að leita beint á brattann. Og hvað mundi þá helzt veita hið nauðsynlega hikleysi? Þá væri að gera sér fullkomlega ljóst, að kenningar Nýals hafa við ósvikin rök að styðjast og að hörfun frá þeim á því ekkert skylt við vitkun og einarða beiting greindarinnar.

*Þorsteinn Jónsson
á Úlfstöðum.*

LEIÐBEININGAR Í DRAUMI

Eftirfarandi rifjaðist upp fyrir mér, er ég las grein Þorbjarnar Ásgeirssonar, „Sambandssýn“, sem birtist í 28. hefti Lífgeisla. Magnús Þorsteinsson frá Húsafelli, um skeið prestur í Selárdal, en síðar starfsmaður í Búnaðarbanka Íslands, sagði mér einhverntíma fyrir löngu þrjú eftirtektaer verð dæmi um leiðbeiningar í draumi. Láðist mér að skrifa þessi dæmi hjá mér um leið eða eftir að hann sagði mér þau, og verða þau hér því einungis vansögð. Má segja, að dæmi þessi hafi öll gerzt fyrir tilstuðlan Helga Þjeturss, því að Magnús fór þar eftir orðum hans. Hafði Helgi einhversstaðar skrifað um það, að hjálp til leiðbeininga í draumi mætti fá með því, að einhver annar eða aðrir óskuðu þess með dreymandanum, að leiðbeining veittist. Og nú hafði það átt sér stað hjá þeim í bankanum, að leiðbeiningar var þörf, og minnir mig, að í fyrsta og annað skiptið hafi það verið vegna þess, að lyklar hefðu týnt, sem ekki máttu týnast. Óskuðu nú samstarfsmenn Magnúsar þess, að hann dreymdi á þann hátt, að þeir fyndust, og veittist það í bæði skiptin. Þriðja dæmið var hinsvegar þannig, að þeim í bankanum hafði ekki tekist og tókst ekki, að láta einhverja reikninga standast þannig á, sem verða þurfti, og minnir mig, að Magnús dreymdi ekki lausnina beinlínis. En nógu mikið dreymdi hann þó

til þess, að honum fannst, er hann vaknaði, að lausnin myndi veitast. Fór hann því í fyrra lagi til vinnu sinnar í bankanum, og þegar samstarfsmenn hans komu þangað litlu síðar, hafði hann leyst þrautina.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að efast um, að hjálpin hefir orðið þarna fyrir það, að ekki einungis Magnús, heldur einnig fáeinir aðrir óskuðu þess með honum, að hún mætti veitast, og þykir mér rétt að geta þess að auki, að samstarfið þarna í bankanum hafði verið með ágætum, og að slíkt hafi verið engum meir að þakka en Magnúsi. Er slíkt í góðu samræmi við þetta, sem tókst. En vegna þess, hvernig mér skildist lausnin varðandi bankareikninginn hafi fengist, ætla ég hér að segja frá einu dæmi af eigin reynd og var þó ekki svo ég vissi um stuðning neinna samstarfenda að ræða.

Ég hafði verið að fást við rafknúna dælu, sem veita skyldi volgu vatni í ofna íbúðarhúss míns, en fann ekki ástæðuna til þess, að það skyldi þá ekki takast. Leitaði ég því á náðir svefnsins eftir að hafa þreytt mig á þessu til kvölds, en mun þó ekki hafa verið alveg vonlaus um, að betur myndi mér takast eftir að hafa sofið. Og þegar ég svo vaknaði morguninn eftir, lá það ljóst fyrir mér, sem hindrað hafði og var þar þó ekki um neina draumvitneskju að ræða. Hitt er aftur á móti ljóst, að svefnmagnanin hefir þar hjálpað, sem auk lífmögnunarinnar hefir einnig verið vitmögnun.

Þorsteinn Jónsson

á Úlfstöðum.

EINKENNILEGT HUGARÁSTAND FYRIR 44 ÁRUM

Eftirfarandi virðist mér, að ég hafi skrifað 15/2 1938:

Ég var í okt. (1937) verkstjóri við að setja upp síma frá Hofi að Sandfelli. Aðeins að hengja upp 2 línur, á staura, sem komnir voru. Þetta gekk vel. Þar með er kominn sveitasími frá Skaftafelli að Hnappavöllum.

Þegar ég hafði lokið uppsetningu símans, varð ég eitthvað ruglaður, eða sem sagt, að ég held, brjálatur um tíma. Síðan hefi ég verið lengst af austur á Kvískerjum, og liðið undur vel, þó mér fyndist ég vera stundum ófrjáls; og mun ég hafa verið læstur (inni) um tíma. En allan (?) þennan tíma hef ég átt svo indæla, skýra og fallega drauma, nærri því á hverri nóttu, oft á daginn líka og finnst jafnvel oft þó ég sé, eða hafi verið vakandi, að ég vera samt í einskönar draumasambandi við ýmsa vini mína, og aðrar góðar verur; skepnur: Hesta, kýr, kindur, og jafnvel ljón og önnur rándýr, sem (mér) fanst þá oftast vera meinlaus, ef vel var farið að þeim. Líka hefur mig dreymt marga, sem dánir eru, t. d. ömmu mína og fannst stundum ég lifa upp heilar sögur t. d. Njálu, og svo greinilega eins og ég sæi þær í lifandi myndum og léki sjálfur með. Og þó fannst mér það ekki sem myndir, heldur fólkið sjálft, og landslagið eins og það var þegar sögurnar gerðust. Mér fannst ég heyra það af vörum fólksins sjálfs, að svona hefði lífið verið þá, svipað því sem sögurnar lýsa, en náttúrlega þó ekki nákvæmlega eins. Samanber Njáludraum Hermanns Jónssonar frá Þingeyrum.

Mér fannst ég eiga tal við t. d. Njál, Gunnar á Hlíðarenda, Kára Sölmundarson, Brennu-Flosa, Ingólf Arnarson o. fl., að ógleymdum mönnum, sem dáíð hafa á síðustu árum og mér hafa verið kunnugir, af afspurn eða viðkynningu, eða gegnum blöð eða útvarp. Þar vil ég fyrst nefna sr. Jakob Ó. Lárusson, Harald Níelsson, og svo Ingibjörgu Eiríksdóttur, sem dó í Bjarnanesi úr mænuveiki fyrir nokkrum árum. Mér finnst það hljóta að sannast fyrr eða síðar, að allir þessir menn, sem við höfum haldið dauða, séu þrátt fyrir allt lifandi, á einhverjum öðrum hnöttum. Ég setti innan () fáein innskot núna.

Fagurhólmsmýri, 22/2 1981.

Páll Björnsson.

EINS ER ÞÉR VANT:

Erindi, áður flutt í útvarp.

BROT

Við, sem enn lifum hér í jarðlífinu, lítum á framvindu lífsins frá margskonar sjónarhólum og skulu nokkur dæmi nefnd. Það fer ekki á milli mála, að þess hærra sem við komumst upp fjallshlíðina, þess víðari verður sjóndeildarhringurinn. Þetta viðurkenna allir, enda tjóir ekki annað.

Þegar ræða skal um framvindu lífsins, koma til greina ýms sjónarmið. Margskonar spurningar vakna og krefjast svara. T. d.: *Hvaðan kom ég? Hvert fer ég? Hver er ég?* — Allt eru þetta spurningar, sem mannsandinn tekur til yfirvegunar og metur á ýmsa lund. — Þá leitar á hugann spurningin: *Er til annað líf? Vöknum við til nýs lífs að þessu loknu?* o. s. frv.

Slíkar spurningar eru rökréttar og þeim ber að svara, eftir getu og af fyllstu einlægni. Einlægur skal maður vera umfram allt.

Fyrst farið er að tala um framlífið (*líf, að þessu loknu*), verður varla komist hjá því að virða stjórnurnar lítið eitt fyrir sér. — Í óravíddum geimsins sjáum við stjórnur (*sólir*), sem tindra skærar og glitrandi. Það er engu líkara en þær séu að kalla á okkur mennina, til umhugsunar um tilveru þeirra og til nánari rannsókna í því efni. Stjórnurnar (*sólirnar*) í firðinni urðu mönnunum rannsóknarefni og verða það áfram. Alheimurinn verður seint rannsakaður að fullu og öllu.

Einn af mestu hugsuðum, sem uppi hafa verið, (þ. e.) lifað hér á jörðu, segir svo: „Þegar ég kem út á stjörnuþjörtu haustkvöldi og lít upp í stjörnuþjart himinhvolfið, horfi og hugsa um það, sem unnt er að sjá með eigin augum, að því viðbættu, sem vitað er um á sviði stjarnfræði og stjarnvísinda, þá dylst mér ekki hitt, allt það óendanlega og óræða sem vísindin hafa ekki fundið í ómælisgeimnum. Þegar ég svo hugsa til þess sköpunarmáttar, sem skapað hefur allt þetta, sem við sjáum og hitt, sem við ekki sjáum né vitum neitt um, þá beygi ég kné mín í auðmýkt fyrir því al-lífs afli, sem við köllum guð.“

Hver segir framanskráð orð? Svar: Þessi orð eru höfð eftir Albert Einstein, stærðfræðingnum. Eins og allir vita varð Albert Einstein heimsfrægur og fékk Nóbelsverðlaun fyrir afrek sitt. Afstæðiskenn- ing stærðfræðingsins (Albert Einstein) var viðurkennd sem vísinda- afrek.

Þegar tala á um framhaldslíf að þessu loknu, þá koma vísindin þar við sögu, stjarnfræðilega, stærðfræðilega og þá má ekki gleyma dulvísindunum, sem þar koma ótvírætt við sögu sem sönnunargagn, enda þótt þau (dulvísindin) séu ekki enn viðurkennd nema að nokkru leyti, af svokölluðum (raunvísindum þrívíddarinnar) jarð- lífsins.

Nú, þegar komið er að dyrum duldarinnar og gægjast á þar inn fyrir dyrastaf, verður margt að gæta. Mun lítið eitt minnst á duldina seinna í erindi þessu.

Áður en lengra er farið, verður mér hugsað til manns, sem ég að vísu sá, en kynntist ekki. Sá maður var Dr. Helgi Pjeturss. Eins og allir vita, var Dr. Helgi vísindamaður. Viðurkenndur námsmaður og varð einnig viðurkenndur starfsmaður, víðförull, athugull vísinda- maður. Jarðfræðin var sérgrein vísindamannsins Helga Pjeturss. Dr. Helgi var viðurkenndur vísindamaður, hérlandis og erlendis.

Eftir brottför Dr. Helga af þessu lífssviði, skrifuðu margir mætir menn minningar um hinn mikla hugsuð og látna vísindamann. Ekki er unnt að telja þá alla hér upp, sem vottuðu Dr. Helga virðingu sína, að honum látnum. Aðeins tek ég til viðmiðunar örfá orð úr minningargrein Jóhannesar Áskelssonar, jarðfræðings. Þar segir meðal annars (skrifað eftir minni):

„Dr. Helgi var viðurkenndur lærdómsmaður, einnig sem ná- kvæmur og afkastamikill vísindamaður. — Dr. Helgi ferðaðist víða um Ísland og rannsakaði jarðlög og lífrænar leifar. — Á Tjörnési fann Dr. Helgi jarðlög (Cragmyndunina) sem sýndu fjöruborð, sem voru frá ísöld. Þykkt jarðlaganna mældi Dr. Helgi og ritaði þar um af nákvæmni vísindamannsins. — Þetta sem hér er lýst, var óþekkt með öllu, hér á Íslandi. — Þarna var Dr. Helgi brautryðjandi. Svo var um fleira í íslenskri jarðfræði, sem Dr. Helgi fann, og var viður- kennt, en sem öðrum jarðfræðingum hafði yfirsétt.“ —

MÁLPING ÍSLENDINGA.

Ritstjóri Þorsteinn Guðjónsson.¹⁾

¹⁾ Þessi tilvitnun víkur allmikið frá texta Jóhannesar Áskelssonar, eins og hann kemur fram í „MÁLPINGI ÍSLENDINGA“. — *Ritstjóri.*

Mörg voru ummæli vísindamanna um störf Dr. Helga, sem vísindamanns, einnig um námsferil hans, sem sagður var með afbrigðum glæsilegur. Á meðan Dr. Helgi starfaði eingöngu á sviði jarðfræðinnar, var hann mikils metinn vísindamaður.

En nú kom fleira til. Dr. Helgi beitti vitsmunum sínum, lærdómi og þekkingu í aðra átt, en áður var. Í stað þess að ganga um með hamar í hendi, losa um bergmola og rannsaka bergtegundir, leir og mold, sneri vísindamaðurinn sér að hinni duldu hlið mannlífsins. Stjörnurnar, í sinni tindrandi dýrð, blikandi í óra-vidd geimsins, drógu huga, sálu og anda þessa mikla hugsuðar til sín. Vísindamaðurinn Dr. Helgi Pjeturss fór að rannsaka eðli drauma og ýmsa aðra þætti sálarlífsins. Vísindamaðurinn hélt ótrauður áfram leitinni að hinu óræða. Í tuttugu og átta ár ævi sinnar rannsakaði Dr. Helgi hin duldu vé. Svo kom að því að þessi einlægi hugsuður og djúpvitri maður kynnti niðurstöður rannsókna sinna á vegum duldarinnar. Árangur rannsókna Dr. Helga var sá, að hann tilkynnti, að framhaldslíf væri til, á öðrum hnöttum, plánetum (fylgi-hnöttum) annarra sólna, en sólu sólkerfis vors.

Nú brá svo við, að vísindamanninum sem áður var dáður og virtur, var nú sýnd andúð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Hitt vita þó allir, að pláneta vor „Jörð“, er fylgihnöttur sólar, sólkerfis vors. Dr. Helga var andmælt. Hann svaraði fyrir sig; rök hans er að finna í Nýal, hans fyrstu bók, Nýalanna. Dr. Helgi lét sig ekki. Sagðist hafa beitt ýtrustu varfærni og nákvæmni vísindamanna.

En hvernig stendur á því að ég, sem aldrei talaði orð við Dr. Helga og hef fyllstu ástæðu til að ætla, að hann hafi ekki haft minnstu hugmynd um tilvist mína, hér á plánetunni jörð, skuli vera að minnast afreka hans nú fyrst?

Ástæðan til þessa er sú, sem nú skal greina:

Ég, sem þessar línur rita hef fengið í hendur orðsendingar frá Dr. Helga, fleiri en eina. — Hvað á ég nú að gera? — Á ég að fleygja orðsendingum þessum í ruslakörfuna, á þeim forsendum, að hér sé um skynvillu að ræða, sem ekki sé mark á takandi?

Nei, af því verður ekki. — Alls ekki. — Hversvegna? Svar: Vegna þess að ég hef verið látinn sjá og skynja svo margt á hinum duldu leiðum lífsins, að mér findist það ganga guðlasti næst að neita að veita áminnstum orðsendingum viðtöku og túlka þeirra málstað. Orðsendingar þessar eru afritaðar og geymdar. Þar segir meðal annars:

„Þórarinn, þú hefur leitt þúsundir manna á rétta leið og þú starfar í kærleika Krists.“

Á öðrum stað segir:

„Þórarinn, vinur minn. Þitt bænastarf er mikilvægt. Þú vinnur í forsjá Krists.“

Þetta segir maðurinn, sem álitinn var trúlaus, hér, í lifanda lífi. Þessi ummæli um mig gera tvennt. Þau gera mig auðmjúkari í anda um leið og ég verð styrkari í lífsbaráttunni, þeirri baráttu, að starfa á vegum kærleikans, í leit að sannleikanum.

En hvað um Dr. Helga Pjeturss? Ég lýsi þessari skoðun minni, á fullyrðingu Dr. Helga, er hann fullyrti, að hann vissi, að líf væri til á öðrum hnöttum, öðrum plánetum annarra sólna, í öðrum sólkerfum.

Skoðun mín, á þessari lífsreynslu Dr. Helga er mín vissa, byggð á dulrænni reynslu margra ára.

Hér kemur og trúin við sögu.

„Guðs ríki er innra með yður.“ Hver sagði þessi magni-þrungnu orð? Sjálfur frelsari mannanna, Jesús Kristur. Hvað meinar hann með þessum orðum? Svar: Þetta. Hið innra með okkur mönnunum, þ. e. í sálum okkar, er innbyggt tæki, ef svo má segja. Innbyggður hæfileiki til þess að veita móttöku þeim andlega mætti, sem kirkjan kallar heilagan anda. Hver leyfir sér að halda því fram, að Dr. Helgi Pjeturss hafi ekki haft þennan hæfileika, eins og við öll höfum, en sárafáir notfæra sér og öðrum til gagns? Dr. Helgi notfærði sér þetta andlega tæki. Hann gerði meira. Hann þorði að opinbera mönnum þessa lífsreynslu sína, en fékk óþökk og ónot fyrir.

Á þennan einfalda hátt túlka ég fullvissu mína í því efni, að um innblástur hafi verið að ræða, frá hinum guðlega geisla, sem valdi Dr. Helga til hjálpar í lífsbaráttu hans. Er það nokkuð furðulegt, þó almættið veitti vísindamanni umbun verkanna? Svaraði bænum vísindamanns, sem mikinn hluta ævi sinnar hafði verið að leita að guðsríkinu, hið innra, enda þótt hann þrædd leið vísindanna? „Bíðjið og yður mun gefast.“ „Leitið og þér munuð finna.“ *Knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða.*“

Dr. Helgi hafði leitað og hann fann. Einnig knúði hann á, þ. e. barðist við örðugleikana árum saman og vann sigur. Dyrum þekkingar að friði, ásamt sannleikanum, var lokið upp.

Hvað um orðsendingarnar? Voru þær ekki falsaðar? Svo má spyrja. Ég svara þessu þannig: Sigurrós Jóhannsdóttir sagði:

„Dr. Helgi Pjeturss birtist mér, í björtu ljósi. Bjart var í kringum blessaðan manninn. Hann las mér fyrir. Ég páraði niður.“ — Svo bætti Sigurrós við: „Ég sé og finn, Þórarinn, að þú trúir mér. Orðfærið er ekki mitt og hugsunin ekki heldur.“

Orðsendingarnar frá Dr. Helga verða ekki birtar hér, meira en birt hefur verið hér að framan. Ég veit vel, að þessi skráða yfirlýsing mín á orðum Sigurrósar sannfærir ekki þá vantúuðu.

Þessu skal og bætt við, þótt lítið segi sem sönnunargagn í þessu máli. Við Sigurrós erum samgeislandi sálir, þ. e. sálir okkar, hugir og andi starfa á sömu bylgjulengd (sömu tíðni). Máttarverk gerðist, er við Sigurrós báðum saman í fyrsta sinn, þessi samgeislun varir enn og mun aldrei rofna. Lífgeislunin er frá Jesú Kristi.

Að síðustu þetta:

Árið 1977 kl. 7,45 að morgni 7. janúar birtist Jesús Kristur mér í björtu ljósi. Hann sagði:

„Elskið. Biðjið. Vonid og trúid.“

Svo hvarf hann. — Máttarverk gerðust í 57 km fjarlægð á þessari sömu stundu og Jesús Kristur birtist mér.

Ætti ég svo, — sem hef orðið slíkrar náðar aðnjótandi, að fara að bera brigð á frásögn Sigurrósar? Nei, slíkt kemur ekki til mála.

Svo vík ég máli mínu aftur til Dr. Helga og segi:

Dr. Helgi Pjeturss vinnur nú í þjónustu Jesú Krists. Hann (Dr. Helgi) er sterkur þjónn kærleikans og vinnur í þágu sannleikans. „Sannleikurinn gerir yður frjálsa.“

Þórarinn E. Jónsson.

(Hluti útvarpserindis, flutt 1980).

RAUÐVIK STJARNA.

Er það ugglaut merki fjarlægingar?

Löngum hefir mönnum hætt við að tala og haga sér eins og þeir séu einmitt staddir í miðju heimsins. Enn í dag virðist mönnum ganga illa að átta sig á hvað okkar jörð er smá ögn í himingeimnum. Þetta finnst mér koma fram þegar rætt er um svokallað rauðvik. Það er, að ljós stjarna sem fjarlægjast er rauðleitara, heldur en þeirra sem eru í óbreyttri fjarlægð. Þannig virðast þær vetrarbrautir, sem fjærst okkur eru, fjarlægjast með hraða ljóssins, svo að lengra verður ekki séð út í geiminn. Þetta hefir verið skýrt með því að heimurinn þenjst stöðugt út, þannig að hinar fjarlægustu vetrarbrautir fjarlægist með hraða, sem nálgist ljóshraðann. En nú getum við ekki látið okkur detta í hug að við séum einmitt í miðpunkti heimsins. Hvað gæti hraðinn á útþenslu heimsins orðið mikill, ef allar þær vetrarbrautir, sem hægt er að eygja með fullkornustu stjörnusjám, væru aðeins eitt lítið rykkorn í alheiminum? Mér sýnist að rauðvikið geti ekki verið ugglaut merki þess að hinar mjög fjarlægu stjörnur séu að fjarlægjast með slíkum ógnar hraða. Við getum alveg eins hugsað okkur að við séum í útjaðri alheimsins. Ég held að skýringin á þessu hljóti að vera, að ljósið missi hraða, á óskaplegum vegalengdum himingeimsins og hætti að síðustu að koma fram sem ljós. Annars yrði að gera ráð fyrir að einhversstaðar úti í hinum óendanlega geími séu stjörnur að fjarlægjast okkur með margföldum hraða ljóssins.

Steinar Pálsson,

Hlíð, Gnúpverjabreppi.

TIL STJARNGÆZLUMANNNS

Tala vil ég til þín, vinur á annarri jörð, frumlífsjörð, sem fyrir ekki löngu hefur misst þann, sem mest var eftirsjá að. En hann var sá, sem gert hefur þér kleift að stilla svo hug þinn, að hugtal milli okkar gæti farið fram, og að skilja hvað gerist, þegar slíkt tekst. Vísað hefur okkur verið til heimkynna ykkar, við sól þá sem björtust er af fastastjörnum héðan að sjá — Síríus köllum við hana, eða Litabrá — og hafa ýmsir vitranamenn sagt þaðan sögur hér á jörð. En þess munum við nú senn verða vísari, hver sú stjarna er, sem er þín stjarna, þegar okkur fer að takast að bera okkur saman.

Svo hefur miðill fyrir ekki löngu sagt mér, að liðin séu rúm tvö ár, eða jarðar-hringferðir um sól, frá því að hinn mikli brautryðjandi ykkar hvarf til hins betra lífs. En árin tvö eru tuttugasti og fimmti hluti af umferð litlu, daufu sólarinnar ykkar um sólina miklu, sem skín yfir ykkar jörð og gerir hana byggilega. Við þetta máttu miða samanburð á tímatali okkar. Einnig reiknast þeim svo til hér, að ljósið fari á milli sólhverfa okkar á liðlega sjötta hluta þess tíma, sem er sólnaárið ykkar. Nú eru mikil gos á sólu okkar, og sólblettir gífurlegir, og ætti þess að geta orðið vart í rannsóknatækjum ykkar að átta eða níu árum liðnum.

Sumt af því, sem við ber á frumlífsjörð á því stigi, sem mín er, og því miður líklega þín einnig, — virðist vera ótrúlegra en svo að orðum verði að komið. Hverjum manni hlýtur að hrjósa hugur við ógnum þeim og ógæfu, sem þar herja með litlum hvíldum. Enginn hefur svo harðan hug, að hann kjósi sjálfum sér slíkt til handa, ef hann mætti ráða. Sá sem minnst slíks, reynir að styðja réttan boðskap og sanna þekkingu, eftir því sem hann megnar.

Mikla vísindamenn og vitfrömuði hefur jörðin alið, sú sem er mitt heimkynni, og um tíma virtist svo sem aldalöng sókn þeirra mundi bera einhvern mikinn og merkilegan árangur. Það var á öldufaldi þeirrar sóknar, sem frumkvöðull stjörnulíffræðinnar vann sitt merkilega ævistarf. En í vísindalegum efnum er nú afturför, og svo virðist sem flestar þær lindir, sem renna vildu, séu nú að þorna, og mjög skortir á það, að nýir kraftar vekist upp. Og hvað skyldi ég nú geta sagt þér, sem varpað gæti ljósi á þá hluti fyrir þér?

Hvernig gat það gerzt, hér á minni jörð, að hafnað væri hinni ágætustu heimspeki, sem komið hafði fram, og svo vendilega gengið fram hjá henni, að þar hefur nærri engu orðið um þokað í sextíu ár? Það get ég sagt þér, góði vinur á annarri jörð, sem hefur skilning til að bera:

Peir halda, að jörðin þeirra standi kyrr!

Þegar ég segi þetta hér, halda jafnvel sumir þeir beztu, að ég sé að fara með öfgar. En svo er þó ekki, heldur hef ég rannsakað málið. Ég skal skýra þetta dálítið. Áður en hin mikla uppgötvun var hér gerð, hafði þekkingin smám saman verið að sækja í sig veðrið um nokkurra alda skeið, og margir voru bjartsýnir. Menn vissu þá vel, að jörðin snýst, og það var almenn þekking. Kópernikus var gott nafn í þá daga, og menn litu á hann sem einn hinn mesta frömuð þekkingar. Meðvitundin um snúning jarðarinnar vakti þeim gleggri hugmynd um rás tímans og um nauðsyn athafna og breytinga. En eftir að hinni miklu sambandsuppgötvun hafði verið hafnað fyrst, hófst heimsstyrjöld og aldarfjórðungi síðar önnur. Slöktu þessar styrjaldir marga framfaraneista, og leirskáld aldarinnar fóru að syngja kyrrstöðu jarðarinnar lof. En það sem verra var og viðsjálla, var, að vísindamönnum og heimspekingum varð slíkt á engu síður.

Peir sögðu þetta ekki berum orðum, þannig að á því yrði haft — enda vissu þeir ekki hvað þeir gerðu — heldur með ýmiss konar rangmælum og missögnum undir hjúpi þokunnar. Til dæmis með því að fullyrða: „Ptólemaios og Tycho (jarðmiðjumenn) voru eiginlega engu síðri stjörnufræðingar en Kópernikus, og reiknuðu sumt nákvæmar en hann“. Eða: „Kenning Kópernikusar var ósönnuð. Það er enginn munur á því stærðfræðilega, hvort jörðin snýst undir himninum eða himinninn yfir jörðinni“. — Slíkum og þvílíkum miðalda-setningum hef ég oft veitt athygli, í ritum hinna víðkunnustu manna, og fór mér af þessu að verða ljóst, hvert vald þokunnar er yfir hugum manna, einnig þeirra sem menntaðastir eru taldir. Einu sinni komst ég í færi (og reyndar oftár). Stjörnufræðingur í öðru landi fullyrti í bréfi til mín, að Kópernikus hefði næsta lítið haft til síns máls sem fræðimaður, en hinsvegar hefði Tycho, sem hafnaði niðurstöðum hans, verið mikill vísindamaður, af því hann mældi svo nákvæmt. Þetta var borið fram með töluverðu sjálföruggi. Þá spurði ég á móti: „Hafirðu tvo stjörnufræðinga, Tychoa, af þinni tegund, annan hér á jörðinni en hinn á Marz (hnetti hér næst fyrir

utan), sem báðir reyna á grundvelli athugana að reikna út hreyfingar himinhnatta — en svo hef ég Kópernikus hér og annan á Marz — hvorum heldurðu þá að beri betur saman, Kópernikusum mínum eða Tychóum þínum?“ Stjörnufræðingurinn hefur ekki svarað mér síðan. Ég hef heyrt að þessar sömu röksemdir hafi nýlega komið upp í háskólanum hér, og hafi jarðmiðjumenn ekki riðið feitum hesti frá þeim viðskiptum.

Ég veit að menn trúá mér ekki hér, og halda að ég fari með öfgar, þegar ég segi, að jafnvel *geimfarar* frá okkar jörð hafi verið jarðmiðjumenn (geocentrics, Geozentriker). Einn kallaði upp í talstöð sína fyrir tíu árum:

Nú er ég kominn út undir tungl, og sé þó ekki að afstaðan til fastastjarnanna hafi neitt breytt.

Manninum var ekki ljóst, að jörðin fer, ásamt tunglinu, miklu lengri leið á hálfu ári en hann hafði nokkur tíma von um að komast á geimfari! Geimförunum höfðu verið fengnir hinir færustu prófessorar til þess að þeir lærðu af þeim stjörnufræði, áður en þeir færu hinar miklu ferðir sínar — og þetta var árangurinn! Það má telja víst, að þetta hafi verið miklu meir sök kennaranna en nemendanna, og sannar slíkt mál mitt um þokuna í vísindaheiminum.

Fáir trúá því hér, að þessu sé svona farið, en ég veit að þú trúir mér því þú þekkir þitt heimafolk og veizt, að einkennin eru víða hin sömu. Jarðmiðjusýkin er sameiginleg hinum ófullburða mannkynjum. Þeir eru á *móti stjörnunum* og vilja að heiminum sé skipt í: *Uppi, Niðri og Þar í miðju*, eins og miðaldaskáldið okkar hér kemst að orði. Ég veit að þú trúir mér, og það er mér fyrir mestu, því þar með er fréttin af menningarástandi jarðarbúa komin áleiðis. Frá stjörnu til stjörnu fer fréttin af þessum alheimskotungum, sem halda sig vera kyrrstæða í miðju alheimsins og skilja ekki að líf er á öðrum stjörnum.

Jarðarbyggj.

UM NOKKRA STJARNFRÆÐINGA

Ptólemaios var grískættaður Alexandríubúi á 2. öld eftir Krist — á dögum góðu keisaranna, Hadríanusar og Antóníusar Píusar. *Ptólemaios* hafði hin beztu skilyrði til vísindaiðkana, en skorti stórhug og djörfung hinna fyrri manna, enda varð niðurstaða hans sú, að jörðin stæði kyrr í miðju alheimsins, sem taldist vera stór, sléttfáguð kúla. Allar miðaldir út í gegn og raunar lengur trúðu menn á stjarnfræðikenningu hans, sem ýmist er kölluð *Ptólemaiosarkenningin* eða jarðmiðjukenningin („*Ptólemaic system*“ eða „*geocentric system*“). Nærri 1400 árum síðar fæddist *Kópernikus* (1473—1543), ýmist kallaður þýzkur eða pólskur. *Kópernikus* fór til náms á Ítalíu, skömmu eftir að Kólumbus hafði siglt yfir Atlantshaf og drakk hann andblæ endurreisnartímans. Honum varð ljóst að

jörðin snýst um sjálfa sig og gengur um sólu.

Að námi loknu gerðist *Kópernikus* kórsbróðir í Frauenburg, og naut mikils álits sem læknir. Hann mun hafa verið hið mesta góðmenni, og svipur hans er göfugmannlegur. Um áratugabil dró hann saman stærðfræðrök til stuðnings kenningu sinni, sem síðan er kölluð *sólmiðjukenningin* eða *Kópernikusarkenningin*. Bók hans *Um snúningsbreyfingar himinhnatta* kom út þegar hann lá banaleguna og hefur það eflaust forðað honum frá því sem verra var að þannig skyldi hittast á. Þrem árum eftir lát *Kópernikusar* fæddist:

Tycho Brahe (1546—1601) danskur aðalsmaður, vel efnum búinn, en áhugi hans á stjörnufræði vaknaði þegar hann sá hvar bændur nokkrir horfðu til himins, þar sem lýsti stjarna nokkur bjartari en Venus, í merkinu Kassiopeia á háhimni. Skrifaði Tychó glögga lýsingu á nýstirninu, en síðan sneri hann sér að því að endurbæta mælingaaðferðir stjörnufræðinnar, og náði þar miklum árangri. Tychó þekkti vel kenningu *Kópernikusar*, en þorði ekki að fylgja henni og á banabeði tók hann það loford af *Kepler* (1571—1630) að styðja aldrei *Kópernikus*. Það loford efndi Kepler með því að fullkomna kenningu *Kópernikusar* og búa í haginn fyrir Newton.

Giordano Brúnó (1548—1600) tók fyrstur upp merki *Kópernikusar* af fullri djörfung, og skapaði þaðan hinn rétta heimsskilning, sem aldrei verður hrakinn. Brúnó þekkti verk Tychós og notfærði sér það til þess að hrekja hugmyndina um „kristalshvel“. — Brúnó er yfirleitt aldrei nefndur í stjörnufræðiritum og vísindasögum — enda mundi það gera út af við jarðmiðjuhugarfarið, ef svo væri gert.

P. G.

STJARNFRÉTTIR

Ég hafði verið á fundi Nýalssinna (aðalfundi) og notið áhrifanna af því að vera þar — af því að félagsmál voru afgreidd fljótt og greiðlega, en síðan var farið að ræða heimspekileg og fræðileg efni. Kom það í minn hlut að lesa þátt nokkurn eftir Theodór Friðriksson varðandi Stjörnu Odda, rit O. S. v. Reuter um Odda og ferð Reuters til Flateyjar á Skjálfanda árið 1939. Var nokkuð rætt um þessi efni eftir lesturinn. Ég fór morguninn eftir niður á Landsbókasafn til þess að kynna mér málin betur, en greip því miður í tómt og rek þá sögu ekki lengra. En ég fór af gömlum vana að líta í stjörnufræðitímarit og þar varð ég ekki fyrir vonbrigðum. Hafi verið eitthvert útfall í stjörnufræðinni um tíma og fráhrarf frá því að tala um líf alheimsins, þá er nú auðsæilega verið að reyna að rétta sig úr þeim kút aftur.

Ég les það til dæmis í „Astronomisk Tidskrift“ (Norðurlanda) að menn séu nú að hverfa frá því að „púlsar“-stirnir („tífstjörnur“) séu einhverjir snældusnúðar sem myndast hafi sjálfkrafa úr leifum sólsprenginga. En þessari flóknu kenningu var um tíma teft fram gegn því að þarna væri um merkjasendingar að ræða frá lengra komnum, en það hafði mönnum fyrst dottið í hug, þegar þessi reglulegu skeyti tóku að berast. (1967—'68). Ég er nú ekki að segja að svo hljóti að vera, en óneitanlega var mikið pukur í kringum þessa hluti þá. Og víst er að Jarðarvaldinu (því sem byggist á gagnkvæmri hræðslu og óhreinlyndi) er trúandi til alls í þeim efnum, og skal ég ekki orðlengja um þá hluti.

Í ritdómi sé ég að Gunnar Nilsson, ungur sænskur stjörnufræðingur, hefur nýlega hætt rannsóknum og snúið sér að því að fræða almenning. „Liv i universet“ (líf í alheimi) heitir nýútkomin bók hans, þar sem hann tínir saman margt af því sem nú er rætt um þau efni. Í þessari bók mun vera allrösklega tekið til orða um Brúnó — en það hefur verið furðulega fátítt í stjarnfræðiritum — og er sagt, að „það hafi ekki verið fyrr en upp úr 1960 — 360 árum eftir lát hans — að menn fóru fyllilega að skilja hvað Brúnó hefði eiginlega ætlað sér. „Hvað í þessum orðum felst, ætla ég ekki að afhjúpa hér“, segir ritdómariinn, háttsettur sænskur stjörnufræðingur, og eru það eftirtektarverð orð.

Ég er kominn heim um kvöldið og hitti Svein Haraldsson, sem réttir mér hefti af Úrvali, og segir um leið að þarna megi nú sjá, hvaðan Árni nokkur Bergmann hafi þá speki að alheimurinn sé líf-

vana, að þessari jörð undantekinni. „Dr. Sklovskí lýsti yfir því afdráttarlaust, að leit að menningarlífi utan jarðarinnar væri vonlaust fyrirtæki, og að menningarlífið á jörðinni væri sennilega hið eina í alheiminum“. Mér var ekki ókunnugt um áhrifavald dr. Sklovskís og býst því við, að Sveinn hafi farið nærri um það hvaðan Á. B. og þeir hafa fengið „línuna“. En reyndar eru til fleiri „línur“ en þessi og kunnur íslenzkur stjörnufræðingur, sem í vetur hefur verið að gefa út yfirlýsingar um það *meiriblutavald*, sem væri nú að myndast um þá skoðun meðal vísindamanna að líf sé ekki á öðrum hnöttum (vegna þess að þeir fundu það ekki á Satúrnusi) hefur alveg áreiðanlega fengið sína „línu“ úr annarri átt en Árni. En samt voru þær svona samhljóða.

— En það sem ég hygg að gerzt hafi er eitthvað á þessa leið: Einhverjar valdaklíkur hafa séð sér hag í því að bæla niður frjálsa hugsun um þessi efni. Myrkrahöfðingjar á helstjörnum eru það, sem ég hef fyrst í huga, en verkfæri þeirra hér á jörð eru sumir þeir, sem mest mega sín, og þeir láta vísindamenn sína tala svona. Þessi áhrif koma jafnt fram í austri og vestri, og gera það samtímis, því að andstillingin skapar líkt ástand báðum megin. — Vissulega mætti setja þetta sem gerzt hefur síðustu 2—3 ár, afturhvarfið frá stjarnhugsun, fram, á dálítið annan hátt. Það mætti segja að menn hafi verið farnir að þreytast á framfaraleysi í þessu efni, og þess vegna hafi afturkast myndast, en ég hygg þó að fyrri skýringin fari nær um hina raunverulegu ástæðu. Og nú er líka að nýju farið að sækja í áttina, eins og reyndar þessi grein í Úrvali eftir A. Lepjikov (rússneskt nafn, en hvort hann er heima eða heiman veit ég ekki, og Úrval lætur ekki vita hvaðan það hefur greinina). Það er bersýnilegt að þeir eru nú enn að hugsa til sambands við íbúa stjarnanna — og þó aðeins með loftskeyta-aðferðum. Hugsamband er þeim enn of fjarlægur möguleiki til þess að þeir þori að hafa orð á honum, jafnvel þeir sem kynnu að hafa einhvern vilja í þá átt. Óvinir stjörnu-sambands myndu þegar í stað fara að sverta þá með því og stefna á þá hleypidómum. En þó að lífsamband sé það sem koma skal, eru þessar loftskeyta-hugleiðingar góðra gjalda verðar, því að þær vekja hugsunina um þessi efni, og grunar mig að slíkar ófullburða hugmyndir um stjörnusambandið séu nú víða uppi, á hnöttum vetrarbrautarinnar. Þá er mikið undir því komið, að hægt verði að nota skilyrðin til þess að koma hinum eiginlegu sambandsmálum fram. Svo samtengdar eru þessar hreyfingar í þróun sinni, að jafnvel í smáatriðum fást þær við hið sama og framundir hið síðasta má ekki

á milli sjá hvor hefur betur, sú sem stefnir fram úr eða hin sem ekki getur gert það. Dæmi um slíkt er í grein Lepjikovs í Úrvali. Ég held ég verði að setja hér sér-fyrirsögn:

Nýstirni sem tímamörk í sambandsleit á ýmsum stjörnum.

Lepjikov er að tala um hvernig menn á einni stjörnu geti vitað, að loftskýtasendingar frá annarri stjörnu hafi verið sendar vitandi og viljandi. Hann gerir ráð fyrir að menn séu svo fróðir, á báðum stjörnum, að þeir viti hvenær vissar sólsprengingar hafi sézt á hinni. Séu nú sendingar auknar að mun, hvenær sem slíkt nýstirni sést héðan af jörð, muni hinir þegar þeir fá skeytin og bera saman, álykta að viljandi hafi þessi tími valinn verið. Lepjikov er ekki einn um þessa skoðun. Slíkt er nú hugsað víða um þessa jörð, — og væntanlega á öðrum jörðum líka.

En þessi hugsun er ekki fyrst komin fram hjá loftskýtamönnum. Lífsambandsmenn hafa þessa hugsun, og þeir þurfa að geta notfært sér hana. Það þarf að verða hægt að segja fyrir um „komu“ nýstirna á himni hvers hnattar — með hugsambandsfréttum úr öðrum sólhverfum. Nýstirnið sem sást í Svaninum, rétt fyrir ofan stélstjörnuna Deneb — 29. ágúst 1975, sem ég hef áður minnt á í Lífgeislum, Lepjikov nefnir hana líka — hún mun sjást á stjörnum þeim sem heita Prokýon (Hundastjarnan minni) og Sírius í desember næstkomandi. Látum þá vita sem þar eru!

Þorsteinn Guðjónsson.

Nýjar stjarnfréttir.

Meðan þetta tölublað Lífgeisla er á leið gegnum prentsmiðju, bregður svo við, að hver greinin af annarri ber nú fréttir af hinum vaknandi áhuga vísindamanna á sambandi við íbúa annarra hnatta. Einnig innanlands er nú sumt nær lagi en áður. Hjá vísindamönnum erlendis virðist að vísu allt vera enn á loftskýta- (radíó-) stigi, en greinilegt er, að einhver skriður er á málunum, sem ekki hefur verið. Sennilega yrði þessi skriður gagnslaus eða verri en það, ef ekki kæmi annað og meira til. Þess vegna veltur nú svo mikið á því, að breyta honum í lífsambands-skrið. Á milljónum tæknihnatta eru menn nú að hugsa um loftskýtasambönd við aðra hnatti. Á sumum þessara hnatta eru litlir hópar manna, sem vilja reyna þetta samband með hugskeytum og lífsambandi. Reynum að láta þá vita, hvað hér er að gerast. Þeir eru mennirnir, sem þurfa að koma sér við.

27. 4. '81. P. G.

TIL LESENDNA LÍFGEISLA

Hér kemur lesendum í hendur 31. hefti *Lífgeisla*, sem er upphaf sjöunda árgangs þessa rits. Við þökkum ánægjuleg samskipti á liðnum árum og óskum lesendum alls góðs á yfirstandandi ári.

Efni til birtingar.

Ýmsir hafa orðið til að leggja þessu riti lið, með því að senda efni til birtingar, og óskum við eftir, að svo megi enn verða, og helst í meira mæli en áður, því fjölbreytni í efni gefur ritinu aukið gildi. Sendið því ritinu frásagnir um eitt og annað, sem fyrir ykkur hefur borið á lífsleiðinni, hvort sem það nú eru fyrirburðir ýmiskonar, draumar eða einkennileg atvik. Eða þá heimspekilegar hugleiðingar um lífið og tilveruna. Hver og einn mun hafa af ýmsu að taka, því flestir hafa af ýmiskonar reynslu að segja, þess eðlis, sem kölluð hefur verið *dulræn* eða *yfirskilvitleg*.

Áskriftargjald 1981.

Því miður hefur hin öra þróun verðhækkana á öllum sviðum haldið áfram á landi okkar, og kemur ekki síst niður á öllu sem að útgáfu lýtur, bæði pappír og prentun, og ekki er mikið útlit fyrir að þar verði breyting á til bóta. Við sjáum okkur því ekki annað fært, en að hækka enn áskriftargjald á ritinu. Hefur verð þessa árgangs (fyrir 1981) því verið ákveðið kr. 75,00 til áskrifenda. Vonumst við eftir, að engir þurfi að hætta áskrift vegna þessarar hækkunar. — En eins og áður hefur verið í gildi, munum við senda ritið *ókeypis* til þeirra sem litlar eða engar tekjur hafa, t. d. elli-lífeyrisþega. Óskum við eftir, að verða látnir vita, er svo stendur á.

Öflun nýrra áskrifenda.

Mjög þætti okkur æskilegt, ef lesendur legðu sitt af mörkum til að afla *Lífgeislum* nýrra áskrifenda, en einmitt nægilegur áskrifendafjöldi gerir framhaldandi útgáfu ritsins mögulega, auk þess sem við óskum eftir að kynna sem flestum það málefni, sem ritið fjallar um.

Bústaðaskipti.

Munið eftir að tilkynna okkur bústaðaskipti, svo ritið geti komist til skila.

Utanáskrift: *Lífgeislar*, Pósthólf 1159, Reykjavík. Áskriftarsímar: 40765 og 41006.

Ingvar Agnarsson.
F. h. ritstjórnar,

SKYGGÐ

Ég vaki í nótt, en veit þó lítt um sinn,
er vefur draumur það sem ég ei skil.
Einhver leitar inn í huga minn
eftir fylgd um lítið stundarbíl.

Ég lít í spegil — sé, að þetta ert þú
og þigg í myndum brot af því, sem var
á liðnum degi takmark þitt og trú,
og tálmynd hvernar innstu löngunar.

Með ímynd þess er áfram hefur sótt
ymur tónn í svíp af fjarri grund.
Þú hefur lifað ljósan dag og nótt
og lukku þess er hlýtur óskastund.

Nú muntu öðlast, eins og fyrr varð séð,
ímynd þess er fyrir sjónir þar.
Þitt skáldaflug er skyndimyndum réð
er skuggi þess sem annarsstaðar var.

Í víðum geim við bjartan sólnasess
sækist fram í það sem lífið hlaut;
þú mátt í draumi lifa lífi þess
er lítur jörð í fjarri vetrarbraut.

Í ágúst 1980,

Haukur Sigtryggsson.

Draumar

NOKKRIR DRAUMAR PÁLS BJÖRNSSONAR, FAGURHÓLSMÝRI:

I.

Draumur um hljóðfæri

Ég þóttist vera að skoða byggingu, sem vera mundi nýbyggð (helst byggt ofan á húsið hér, og ég vissi ekki á hvern hátt). Ég hélt að þar mundu vera snyrtiherbergi, og lítið fleira, en mér þótti þó að þar væru allstórir salir, og þar sá ég stóran flygil, píanó, og þriðja hljóðfærið eitthvað svipað, en ég þóttist ekki vita hvað það hét. Ennfremur sá ég mikið af nótnabókum (en enga sem ég kannaðist við). Mér datt í hug að spila á flygilinn, en af því varð þó ekki. Mér fannst í draumnum að ákveðin kona (frænka mín) ætti þetta sem ég sá, og var ég hálf undrandi yfir því, að hún skyldi eiga hljóðfæri, þar sem ég þóttist viss um að hún mundi ekki spila á þau sjálf. Eitthvað var fleira í draumnum sem ég man ekki.

(Dreymt aðfaranótt 6. maí 1956).

Sérkennileg ský. — Draumur

Ég þóttist vera úti staddur, og horfa til himins. Mér þótti hann vera alþakinn líkt og þunnri gráblíku, en þar undir voru reglulegri ský heldur en ég hefi nokkurntíma séð. Ég hugsaði (e. t. v. seinna) að þau væru samskonar og Marjutása (sem sýnd er í Skýjabókinni, og ég hafði nýlega skoðað. En þegar ég horfði aftur í bókina sá ég þar ekkert líkt). Mér fannst skýin helst líkjast neti sem þanið væri yfir allan himininn. Hnúturnir í því voru nokkuð stórir hnökrar, líkt og stundum er í Marjutásu, en allir jafnstórir, og óljós bönd á milli þeirra.

(Dreymt aðfaranótt 6. febrúar 1959).

Draumur um skriðjökulstungur

Dreymdi mikið og „sá“ margt fallett, en man fátt. Mér þótti ég sjá fjall í nokkrum fjarska. Staðarfjall? eða líkt því. Þóttist ég sjá

þar tvær skriðjökulstungur litlar, eins og þrýstast fram af klettum. Virtust klettarnir mjög brattir, og skyggðu á jökulinn, nema þessar tungur, sem stóðu út í loftið nokkra metra fram af klettunum. Og þótti mér víst að jökullinn gengi hraðara fram, en ég hafði haldið. (Skrifað að kvöldi).

(Dreymt aðfaranótt 26. janúar 1960).

Nýstárleg símalagning. — Draumur

Í nótt þóttist ég sjá einskonar flugvél (eða eldflaug) fara hér vestur hjá. Fór ekki mjög hratt. En hún dró á eftir sér allgildan streng, sem mér sýndist haldið uppi af litlum loftbelgjum, sem voru með stuttu og jöfnu millibili, þannig að strengurinn hélst í ca. 50—100 m hæð. Mér fannst ég ekki horfa á þetta nema stuttan tíma. Ég áleit að þetta væri ný aðferð við símalagningu. Hugsaði mér að línan ætti að leggjast á jörðina þegar hún væri komin svo áfram sem ætlað væri.

Gæti þessi draumur staðið í sambandi við að ég hafði daginn áður átt tal við mann um stuttbylgju símasamband? Sem mundi líklega gera símann á staurum óþarfan, t. d. á Skeiðarársandi? Geta má þess að mér fannst flugvélin stefna nokkuð sunnarlega yfir Skeiðarársand.

(Dreymt aðfaranótt 23. mars 1963).

Hvít flygsa og flugvél. — Draumur

Ég þóttist staddur hér úti á engjum. (Þó fannst mér landslagið öðruvísi). Þá fannst mér allt í einu, og víst ekki nema stutta stund, koma mjög mikið hvassveður, en standa stutt yfir. Loftið var skýjað. Þá fannst mér allt í einu detta niður skammt frá mér hvít flygsa, líkt og snjóstykki. að kom þó ekki nema á lítinn blett, en var dálítið stórt. Mér datt þó ekki í hug að það væri snjór. (Mér finnst samt hægast að líkja því við snjó).

Ég greip hnefaylli af þessu, og smakkaði á, og fannst það líkt og stráskykur. Datt þá í hug að þörf væri að láta efnagreina þetta, en sá engin ráð til að varðveita það, því að ílát vantaði, og það bráðnaði ört (líkt og snjór), því að heitt var í lofti.

Líka sá ég flugvél, mjög stóra með 6 hreyfla. Fannst mér hún stansa snöggvast í loftinu, og hélt að þeir væru að athuga hvort

þar væri flugvöllur, en það þótti mér ekki vera. Um leið og hún hélt áfram, þóttist ég sjá nokkra menn úti á flugvélinni, ekki ólíkt og á þilfari á skipi, en fleiri mundu vera um borð. Ég man ekki eftir að ég þættist heyra vélarhljóð.

(Dreymt aðfaranótt 2. maí 1964).

Páll Björnsson.

II.

Hér segir Páll Björnsson, Fagurhólsmýri, frá fimm draumum, sem hann hefur dreymt á nokkru árabili fyrir alllöngu. Allir eru þeir merkilegir: Fyrst fyrir það, að þeir bera með sér, að vera ættaðir úr umhverfi, honum framandi, og í annan stað fyrir það, að augljóslega eiga sumir þeirra a. m. k. ekki uppruna sinn hér á jörðu. Má í því sambandi nefna draum nr. 2 um hin sérkennilegu ský, sem honum fannst líkjast þeirri gerð skýja sem kölluð er Marjutása, en reyndust vera allt öðruvísi, er hann bar þetta saman síðar. — Þá má nefna flugvélinu í draumi nr. 4 og hið einkennilega verk efni, sem hún átti að framkvæma, og loks draumur nr. 5, þar sem draumgjafi hans horfir á hvíta flygsu með sérkennilegum eiginleikum, falla til jarðar, og einnig stóra flugvél, sem gat stanzað í loftinu. — Þessir þrír draumar a. m. k. benda út fyrir jörðina, og þá að sjálfsögðu til einhverra byggðra hnatta í öðrum sólhverfum, því annarsstaðar mun ekki líf að finna. Í draumi nr. 4 eru allar líkur á, að þar hafi ákveðin stilliáhrif verið að verki, að maður sá, sem hann átti samtal við daginn áður, hafi stillt hann til þess sambands, sem af segir í draumsögunni, og mun sú sambandsvera hans vera íbúi annarrar stjörnu, því vinnubrögð slík, sem þar segir frá, þekkjast ekki eða varla hér á jörðu.

I. A.

Erfisdrykkja. — Draumur

Þegar ég dvel á sjúkrahúsi dreymir mig ætíð mikið, og man það betur en endranær. Seinni hluta sumars 1954 dvaldi ég mánaðartíma á sjúkrahúsi Hvítabandsins.

Við vorum fjórar konur á sömu stofu. Þegar allar voru hressar, töluðum við saman og var þá margt skrafað, þegar ljósinn höfðu verið slökkt á kvöldin. Aldrei vöktum við samt lengi frameftir,

Því okkar var vitjað kl. 6 að morgni, eða þar um bil. Svo er það eina nótt, fyrri hluta nætur, að mig dreymir eftirfarandi draum:

Mér þótti ég koma í næsta hús við heimili mitt, þar sem mágkona mín og maður hennar búa. Ég geng rակleitt inn í gang, þaðan í stórt og rúmгott eldhús. Stór gluggi er andspænis dyrum, legubekkir sitt til hvorrar handar, og stórt borð undir glugganum á milli bekkjanna (þarna virtist allt vera eins og þarna hagar til). Þegar ég opna dyrnar, verð ég alveg forviða að sjá þar tvær konur — systur — er báðar voru látnar — og vissi ég það strax, hvernig þeirra högum var háttað. Önnur systirin stóð við eldavélina innan við dyrnar, og er að laga kaffi. Hin systirin liggur útaf á öðrum legubekknunum með vinstri hönd undir kinn og snýr andliti fram.

Ekki minntist ég þess að hafa átt orðaskipti við þær, en vissi eftir einhverjum leiðum, að þær voru að undirbúa erfisdrykkju sína. Hugsaði ég með mér, að þarna væri þeim rétt lýst að bjarga sér sjálfar sem mest, bæði lífs og liðnar. Hvítur dúkur var á borðinu, bollum raðað allt í kring á því, nema endanum sem vissi að glugganum. Allskonar kaffibrauð var þarna á borðinu. Ekki voru fleiri mættir til þessarar óvenjulegu veislu. Ég sest að borðinu, rétt við gluggann. Nú kemur sú konan, er var að búa til kaffið og hellir í bollann hjá mér. Hugsa ég gott til að neyta þess, sem á borðunum var.

Nú stend ég upp og ætla að hjálpa konunni, sem lá útaf á bekknum á móti mér, að rísa upp, svo hún geti drukkið með okkur. Þegar ég lýt niður að henni, kem ég við handlegg hennar, sem stóð útaf bekknum og finn, að hann er ískaldur og harður sem steinn viðkomu.

Við þessa snertingu bregður mér svo, að ég fyllist einhverri skelfingu og vakna með andfælum, í svitabaði með martröð.

Lengi nætur vakti ég og gekk illa að losna úr viðjum draumsins. Um morguninn sagði ég stofusysturminum drauminn.

Þess má geta, að ég hafði þekkt þessar systur frá barnæsku, og átt heima í nábýli við þær mikinn hluta ævi minnar, í öðrum landshluta. Báðar dvöldu þær, háaldradar, sínar síðustu ævistundir hér syðra. Önnur þeirra, sú eldri dvaldi hér aðeins fáar vikur og átti athvarf hjá fóstursyni sínum og konu hans. Þar andaðist hún í þessu sama húsi, er ég gat um.


Þess skal aðeins getið, að við útför þeirra beggja, var vegleg erfisdrykkja, sem vandamenn stóðu að. Sjálf var ég viðstödd jarðsetningu þeirra. Aðra læt ég um skýringar, sé draumurinn marktækur.

Svava Jónsdóttir.

Tvær stórár í breiðum dal. — Draumur

I.

Mér þótti ég standa á hárrí hæð, og framundan mér blasti við alllangur og breiður dalur. Voru hlíðar hans, beggja vegna, allháar, en ekki mjög brattar. Úti fyrir mynni dalsins sást á blikandi haf. Dalbotninn var nærri sléttur, og sérstaka athygli mína vakti, að tvær stórár runnu eftir dalnum, sín hvoru megin, nálægt fjallsrótum. Liðuðust þær í bugðum um sléttlendið. Virtist mér miðja dalbotnsins, milli áнна, standa örlítið hærra, en þar sem árnar runnu. Bjart var yfir öllu, svo sem dagur væri, og draummynd þessi gróp- aðist allskýrt inn í huga minn.



II.

Einhversstaðar mun hið draumséða landslag vera til, því draumgjafi minn hefur haft það fyrir augum, einmitt á þeirri stundu, sem mér birtist það í draumnum. Þetta er hinn nýalski skilningur á draumum, að jafnan sé um draumgjafa að ræða, og að með hans augum sjáum við, fyrir samband, það sem hann er þá að horfa á. Virðist mér þessi draumur koma vel heim við þá skýringu.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 10. júlí 1980).

Sambandsfundir

Fyrir miðilsmunn

56. Fornmenn fylgjast með þessum málum frá ýmsum framlífs-hnöttum fullir áhuga á að verða að liði. Ekki munu þeir gefast upp á tilraunum sínum til að greiða þessu máli lið.

14. 7. '80.

57. Áhrif eru bæði frá illum og góðum hnöttum eftir því hvernig hugarfarið er hjá jarðarbúum. Ég hygg að þetta sé lögmál.

4. 8. '80.

58. Sérhverri vetrarbraut fylgir aflsvæði. Heildaraflsvæði hvernar vetrarbrautar nær tengslum við aflsvæði annarra vetrarbrauta. Ekki er neitt vafamál, að aflsvæðin verka hvert á annað með ýmsum hætti. Þetta er lögmál.

(Björn Gunnlaugsson) 14. 7. '80.

59. Það er merkilegt hvernig menn geisla hugsun sinni hver til annars og það má segja, að það skipti ekki litlu máli, hvers eðlis hugsunin er, sem menn geisla frá sér og þetta verður ekki ljóst fullkomlega án rannsókna og athugana á þessum mismunandi áhrifum er menn með hugsun sinni hafa á hugi annarra.

6. 10. '80.

60. Hér er ég ásamt mörgum vinum staddur í sambandsstöð eigi lítilli og hér er ákaflega gott að vera. Hver magnar annan og samstilling öflug. Mikið er undir réttri samstillingu og réttu hugarfari komið. Hér eru oft á meðal okkar göfugir gestir, fullkomnir mjög. Það má heyra og sjá verur frá fjarlægum hnöttum og fylgir þeim máttur. Það er að koma hér gestur, guðleg vera. Það er bjart í kring um hann. Hvað heitir sá gestur? Snorri heiti ég. Við erum fornmenn margir hér er hugsun til ykkar stöðvar, framliðnir fornmenn. Tilraunir gerum við til að magna fund ykkar og veita ykkur þátt í afli okkar. Ég kveð núna. Þakka fyrir. Verið sæl.

6. 10. '80.

61. Helgi Hjörvar: Komið sæl. Nafnið hið sama og hugarfarið líkt og áður. Margt hefi ég getað athugað um fortíðina, kynnt mér

liðna sögu og margt merkilegt hefi ég grafið upp eftir flutninginn á aðra jörð. Það er undravert hvað fornmennt kunnu að haga vel orðum sínum. Málsnjallir margir í meira lagi. Hefi ég dáðst að tign og fegurð málsins í fornritunum eigi lítið og ekki hefi ég síður dáðst að fornsögum framliðinna í mæltu máli og rituðu. Er ótrúleg göfgi og snilld á hinu íslenska máli því er fornmennt tala í framlífi sínu. Hér hefi ég oft undrast þetta og glaðst yfir fullkomnun tungutaksins og ég hefi lesið margar snilldarlegar ritaðar bækur, er fornmennt framliðnir hafa ritað. Ekki síðri en bestu forníslensku ritin. Fremur er þar um enn meiri snilldartök á máli að ræða og efnistöðk.

Ég geri mér far um að tala hið íslenska mál þann veg sem sæmir hinu göfga máli og fornmennt eru mér þar fyrirmyndin að fornu og nýju er ekki bregst. Oft er ég í góðum félagsskap hér. Furðulega skemmtilegir andans mennt og gáfumenn margir, þeir sem ég deili geði við og er það hið besta gaman. Stundum ber saman slíka mennt að ræða forn fræði og ný. Það verður mér í framlífinu sífellt meira umhugsunarefni, hvernig væri hægt að ná öflugra sambandi við hinn gamla hnött minnt og ég er ekki einnt um það. Hér er þetta mörgum mikið áhugamál svo og kappsmál og verður að vona að úr rætist í þessum hlutum, að skilyrðin muni batna og mátturinn eiga hér greiðari gang að mönnum. Lifið heil. (Helgi Hjörvar) 6. 10. '80.

62. Óþekktur maður: Sæl og blessuð öll. Líklega hugsuð þið um framlífið hér. Hver einstaklingur ætti að gera það, hugsa um hvað við tekur, þegar þessu skamma æviskeiði á ykkar jörð er lokið og það ríður á að mennt geri sér hér glögga grein fyrir, hvað bíður hins framliðna einstaklings. En um það eru skiptar skoðanir manna á meðal og sýnist sitt hverjum um þetta málefni. En það þarf hér að gera rannsóknir og athuganir til að átta sig og að athuga upplýsingar ýmsra framliðinna um það, er við tekur, vandlega. Ég ætla nú ekki að verða langorður um þetta efni að þessu sinni. Það er óskandi að unnt verði að leiðrétta margvíslegar ranghugmyndir í hugum manna og gefa fullnægjandi svör við ýmsum spurningum. Vissulega þarf að koma málunum vel fyrir eins og best er unnt. Helgi Þjeturss var öðrum skarpskyggjari í undirstöðuatriðum varðandi eðli framlífsins. Það er nauðsynlegt, að mennt gefi gaum að þeim merku niðurstöðum hans og byggi þar á rannsóknir í þessum efnum. 6. 10. '80.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandi).

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls. Kr.	36.00
<hr/>	
NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls. ... Uppseldur	— 114.00
ENNÝALL, stakur, í skinnbandi, 275 bls.	— 54.00
FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls.	— 72.00
VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls.	— 36.00
SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls.	— 54.00
ÞÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls.	— 90.00
<hr/>	
NÝALL, stakur, í shirtingbandi Uppseldur	— 91.00
ENNÝALL, stakur, í shirtingbandi	— 43.00
FRAMNÝALL, stakur, í shirtingbandi	— 54.00
VIÐNÝALL, stakur, í shirtingbandi	— 28.00
SANNÝALL, stakur, í shirtingbandi	— 36.00
ÞÓNÝALL, stakur, í shirtingbandi	— 72.00
<hr/>	
NÝALL, stakur, heftur	— 54.00
ENNÝALL, stakur, heftur	— 32.00
FRAMNÝALL, stakur, heftur	— 43.00
VIÐNÝALL, stakur, heftur,	— 21.00
SANNÝALL, stakur, heftur	— 31.00
ÞÓNÝALL, stakur, heftur	— 54.00
<hr/>	
ENNÝALL, stakur, heftur, frumútgáfa	— 21.00
(Örfá eintök eftir).	

Eins og sést á framangreindum verðlista eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýölum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,

Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í pósthólf 1159, Reykjavík.

Þessi verð gilda frá og með 1. febrúar 1981.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Hringbókan Skapely. I. I. A.	Bls. 2
Hvers eðlis er lífsorkan? Páll Steinarsson	— 3
Hefur hugsunarflutningur áhrif á lífið? Þorbj. Ásgeirss.	— 7
Hið gullna letur tilverunnar. I. A.	— 8
Hörfun eða hikleysi. Þorst. Jónss. á Úlfsstöðum	— 9
Leiðbeiningar í draumi. Þorst. Jónss. á Úlfsstöðum ...	— 10
Einkennilegt hugarástand fyrir 44 árum. Páll Björnsson	— 12
Eins er þér vant: Þórarinn E. Jónsson (Brot)	— 13
(Erindi áður flutt í útvarp)	
Rauðvík stjarna. Steinar Pálsson	— 18
Er það ugglaus merki fjarlægingar?	
Til stjarngæzlumanns. Jarðarbyggj	— 19
Um nokkra stjarnfræðinga. P. G.	— 22
Stjarnfréttir. Þorsteinn Guðjónsson	— 23

LJÓÐ:

Skyggð. Haukur Sigtryggsson	— 27
-----------------------------------	------

DRAUMAR:

Nokkrir draumar Páls Björnssonar, Fagurhólsmýri ...	— 28
Draumur um hljóðfæri. — Sérkennileg ský. — Draumur.	
— Draumur um skriðjökulstungur. — Nýstárleg símalagning.	
— Draumur. — Hvít flygja og flugvél. — Draumur. —	
Erfisdrykkja. — Draumur. Svava Jónsdóttir	— 30
Tvær stórár í breiðum dal. — Draumur. I. A.	— 32

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði	— 33
Til lesenda Lífgeisla. I. A.	— 26
Verðskrá yfir Nýala. (Auglýsing)	— 35